



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	21. október 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Elsu Guðrúnu Jóhannesdóttur/ Svövu Guðlaugu Sverrisdóttur
Verkefni/tillaga:	Aukin fjárheimild til fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs 2020
Þjónustubáttur:	Fjárhagsaðstoð
Stofnun/kostn.st.:	F1700
Fjárhæð:	655,3 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að fjárheimild fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs verði hækkuð um 655,3 m.kr. á árinu 2020. Markmið tillögunar er að hækka fjárheimildir fjárhagsaðstoðar miðað við raun útgjöld en vegna efnahagsástandsins á árinu þá stenst fjárhagsáætlunin fyrir þennan lið ekki.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Nei
Hvaða hópa snertir tillagan?
Notendur fjárhagsaðstoðar. Það sem af er árinu 2020 eru notendur fjárhagsaðstoðar 61% karlar og 39% konur
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan sjálf hefur engin áhrif á stöðu kynjanna eða jaðarsetta hópa þar sem þeir sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð fá fjárhagsaðstoð óháð því hvort fjárhagsaðstoð er innan fjárheimilda eða ekki.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.